



Reykjavík, 28. nóvember 2023

Forsætisnefnd

Lagt er fram til kynningar verkefni á rýnistigi hjá Framkv.st.ESB og tengist með beinum hætti aðild Reykjavíkur-borgar að tengslaneti evrópskra borga sem eru þátttakendur í vegferð CINEA stofnunar ESB um “kolefnishlutlausar snjallborgir” (CIT MISS).

Reykjavíkurborg hefur í nokkur ár unnið skipulega að því að auka þátttöku sína í verkefnum sem kostuð eru af utanaðkomandi aðilum, með áherslu á að veita Græna Planinu framgang. Kortlagning á þessari sókn og hvernig henni skuli háttáð fram á mitt ár 2025 var samþykkt í forsætisnefnd í júní 2023.

Hér er verið að leggja fram til kynningar nýlega vinnu við framgang þessarar sóknar en hún hefur þegar á þessu ári skilað stórum 4ra ára verksamningi (AMIGOS) sem kom til framkvæmda í júní og nú tilboði um að ganga til annars 4ra ára verksamnings (GreenIn Cities) sem mun koma til framkvæmda strax eftir áramótin 2023-2024.

Málið (verkefnið) sem lagt er fram til kynningar hér er hýst hjá Atvinnu- og borgarþróunarteymi SBB en það hefur á sér afar óvenjulegan blæ. Um er að ræða að tengja valdar úkraínskar borgir við evrópska tengslanetið um “kolefnishlutlausar snjallborgir” til að deila reynslu og þekkingu sem gæti komið að gagni við uppbyggingu í Úkraínu í sömu átt og tengslanetið stefnir, en þar mun reyna á aðkomu sérfræðinga á ólíkum fagsviðum borgarinnar að hafa milligöngu um það sem vel getur heppnast við íslenskar aðstæður og læra má af.

Hvort þessum samstarfshópi verður boðið til verksamnings mun koma í ljós á næstu 10 vikum.

Virðingarfyllst,

Harpa Sif Eyjólfsdóttir og Krístrún Th. Gunnarsdóttir

Miðlæg stjórnsýsla

Hjálagt:

Minnisblað um UA-CITINET

Skrifstofa Borgarstjóra og Borgarritara (SBB)
Atvinnu- og borgarþróunarteymi
Dr. Krístrún Th. Gunnarsdóttir
Dr. Harpa Sif Eyjólfsdóttir
MSS23090048

Reykjavík, 10. nóvember 2023

UA-CITINET – ADVANCING SMART CITIES IN UKRAINE: INTEGRATED
MULTILATERAL INITIATIVES FOR CLIMATE NEUTRALITY AND SUSTAINABLE
URBAN DEVELOPMENT

UMSÓKN: Associating Ukrainian cities to the climate-neutral and smart cities mission
(HORIZON-MISS-2023-CIT-02). Neitun eða samþykki: Fyrir lok desember 2023

UA-CITINET er samstarf 29 evrópskra aðila og stofnana víða að sem mun miða að því að styðja við borgir í Úkraínu í enduruppbyggingu og borgarþróun í átt að snjallvæðingu og kolefnishlutleysi.

Aðalmarkmið verkefnisins er að byggja upp tengslanet samráðs og samvinnu til stuðnings við greiningu á aðstæðum og innviðum í völdum úkraínskum borgum og þær aðstoðaðar við aðgengi að þeim verkfærum og uppbyggingu tækifæra sem eru að þróast í Evrópu, sérstaklega í gegnum evrópska CIT MISS samstarfið um “kolefnishlutlausar snjallborgir”.

Mikil áhersla verður lögð á að nýta þá þekkingu sem er nú þegar til staðar á meðal umsóknaraðilanna og innan þeirra tengslaneta, þ.m.t.: NetZeroCities, Global Covenant of Mayors, C40 Cities, ICLEI, DUT Partnership, CapaCITIES, CrAFt, ENoLL, Scalable Cities, EU’s International Urban and Regional Cooperation Programme, EU’s Neighborhood, Development and International Cooperation Instrument, UN-Habitat, the World Economic Forum, the World Business Council for Sustainable Development, the Urban Transition Mission of Innovation.

Fimm CIT MISS borgir – **Reykjavíkurborg, Amsterdam, Espoo, Leipzig og Lubljana** – munu taka þátt í að undirbúa og meta “pilot” verkefni með úkraínskum borgum, en þessar borgir munu einnig sinna samstarfi um að meta nauðsynlega innviði og kjöraðstæður til að ná fram skilgreindum markmiðum, byggt á sameiginlegri reynslu CIT MISS borganna af eigin þróun í átt að snjallvæðingu og kolefnishlutleysi.

Verði umsóknin samþykkt er um að ræða 36 mánaða verksamning með 16 skilgreindum PMs (ísl. mann mánuðum) til handa Reykjavíkurborg, auk €18,000 í ferðakostnað (ca. 5 ferðir f. 1-2 aðila). Verksamningur við RVK yrði uppá €219,220.00 (ca. 33.3M ISK), þaraf yrði álags- og áhættuþóknun (tekjur f. U-NYÞROUN) uppá €43,844.00 (ca. 6,6M ISK).

Enginn beinn kostnaður fyrir borgarsjóð.